

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamálið í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 8. TBL.

9. OKTÓBER 2009

Fleiri fá grunnmenntun í PMT-FORELDRAFÆRNI

Í vikunni hófst nýtt námsskeið í grunnmenntun PMT. Það er sérstaklega ætlað starfsfólki í leik- og grunnskólum sem hafa eða ætla sér að innleiða SMT-skóla-færni. Alls hófu um 20 manns þátttöku í grunnmenntuninni sem er alls 60 klst. nám og stendur fram yfir áramót. Flestir sem eru í náminu núna starfa í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Meginþungi fræðslunnar á námsskeiðinu hvílir á herðum Eddu Vikar Guðmundsdóttur, sálfræðings og PMT-ráðgjafa auk Margrétar og Önnur Maríu frá PMT. Auk þeirra komu að fræðslunni starfsfólk Skólaskrif-

stofunnar þau Heiðrún Sverrisdóttir, leikskólaráðgjafi, og Helgi Gíslason, sérkennsluráðgjafi grunnskóla.

SMT-skóla-færni er sá hluti verkefnsins PMT-FORELDRAFÆRNI sem snýr að jákvæðri hegðun og samskiptum í skóla-starfi. Með SMT-skóla-færni er stefnt að samhæfingu á vinnu-

brögðum og samskiptum sem stuðla að jákvæðri hegðun nemenda í skólum. Verkefnið hefur verið innleitt í skóla í Hafnarfirði síðan árið 2002. Innleiðing er enn í fullum gangi, enda er hún komin mislangt á leið í einstaka skóla.



Moodle vefnámskerfi nýtt til fagsamstarfs

Skólaskrifstofan hefur í samráði við FGH staðið fyrir reglulega samráði allra grunnskólakennara í bænum. Slíkur fagfundur var haldinn fyrir stuttu í Setbergsskóla (og kynntur hér). Þar voru jafnframt sýndir möguleikar á að þróa slíkt samstarf frekar með notkun tölvutækinnar í gegnum vefnámskerfi sem kennurum og skólum bæjarins stendur til boða fri afnot af. (Sjá vefslóð hér neðar.) Í því felst að kennarar geta miðlað gögnum sín á milli á lokuðu svæði á vefnum, t.d. prófum, kennsluverkefnum, kennslu-

efni og annað sem þeim dytti í hug að miðla sín á milli til viðbótar því sem kennarar miðla innan hvers skóla. Stærðfræði-

kennarar hafa þegar hafið þetta samstarf. Í næstu viku hefst námskeið sem kennir á kerfið.



VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://moodle.hafnarfjordur.is>



Skólapróun



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 5. október
189. fundur:

- Geir Bjarnason, forvarna-
fulltrúi, kynnti niðurstöður á
árlegri rannsókn á högum og
líðan nemenda í 8.-10. bekk
og einnig könnun á högum
og líðan nemenda í 5.-7.
bekk, báðar frá vori 2009.
- Umræður um fyrirkomulag
kynningar á nýsamþykktari
skólastefnu Hafnarfjarðar
sem fram fer í Víðistaða-
skóla mánudaginn 26. októ-
ber kl. 17.15.
- Lagðir fram til kynningar
námskeiðsbæklingar fyrir
starfsfólk leik- og grunnskóla
haustið 2009.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi. Er þetta í fyrsta sinn sem úthlutað er úr Sprotasjóði samkvæmt nýjum menntalögum en hann er sameiginlegur sjóður leik- grunn- og framhaldsskóla og tekur við af þróunarsjóðum þessara skólastiga. Athygli er vakin á auglýsingu um Sprotasjóð sem er nú komin á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis. Vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Auglysingar/allar/nr/5147>
- » Frá mennta- og menningarmálaráðuneyti: Samkvæmt nýsamþykktari íslenskrri málstefnu skulu fræðslufirvöld setja sér það markmið að innan þriggja ára verði allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum á íslensku. Í dreifibréfi sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur sent til hlutaðeigandi aðila mælist ráðherra til að skólar á öllum skólastigum, sveitarfélög, stofnanir sem heyra undir ráðuneytið og hagsmunaaðilar vinni af krafti að þessu markmiði á næstu þremur árum.




Forystuskólarnir hittust á fyrsta samráðsfundi vetrarins í vikunni.

Skólaþing sveitarfélaga 2009

Mánudaginn 2. nóvember verður haldið Skólaþing sveitarfélaga 2009 á Hilton Reykjavík Nordica frá kl. 9-16. Þar verða til umræðu málefni skólastarfs út frá yfirskriftinni: **Skóli á tíma-
mótum: Hvernig gerum við enn betur?** Tvö undirþemu eru skilgreind: **(1) Geta sveitarfélög og skólar auk-
ið gæði og þjónustu í nú-
verandi árferði** og **(2) Hvernig kennara og kenn-
aramenntun þurfum við?**

Á þinginu verða flutt mörg stutt erindi og umræðuhópar verða að störf-



um. Erindi koma koma fulltrúum fagfélaga kennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sveitarstjórnarfólki og fulltúum kennaramenntastofnana. Þess utan verða kynningarbásar við ráð-

VEFSLÓÐ: <http://www.samband.is/throunar-og-althjodasvid/throunar-og-althjodasvid/fundir-og-namskeid/nr/1647/>



Símenntun

stefnusál þar sem sveitarfélög og skólar kynna þróunar- og nýbreytniverkefni.

Þingið er hugsað sem vettvangur skólafólks og fulltrúa sveitarstjórna til að skiptast á skoðunum um skólamálið.



Tilkynning vikunnar

Það er enn talsvert um laus pláss á námskeiðum Skólaskrifstofunnar. Námskeið eru haldin með fáum þátttakendum (ef lágmarksþátttaka fæst) frekar en að þeim sé frestað til að fá fleiri á námskeiðin. Enn er tími til að skrá sig á einstök námskeið sem ekki eru hafin.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
16. október 2009

Námskeiðahaldið í næstu viku

Mánudagur 12. október:

- Námskeið 102 **Byrjendalæsi í ensku** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.45. Enn laus pláss.
- Námskeið 302 **Kennslugagnastjóri í Moodle** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Fyrsti tími af fjórum. Enn laus pláss.
- Námskeið 602, **Lesið í skóginn - hagnýt tálgun í tré** í Lækjarskóla (smíðastofa) kl. 16-19. FULLT.

Fimmudagur 15. október:

- Námskeið 303 **Linux stýrikerfið til kennslu og stjórnunar** í Lækjarskóla (tölvustofa) kl. 16-19. Fyrsti tími af fjórum. Enn laus pláss.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/